

Aðbúnaður og aðstaða

Vesturbyggð leggur metnað sinn í að hafa góða aðstöðu í skólum og er stöðugt að bæta hana til að bjóða börnum í bænum upp á sífellt betri og sambærilegri aðstöðu. Þannig hefur verið byggð upp mataraðstaða í öllum grunnskólunum þar sem nemendum stendur til boða matur í hádegi á niðurgreiddu verði. Foreldrum er í sjálfvald sett hvort þeir kaupa mat fyrir börnin sín eða senda þau með nesti í skólann. Sömu leiðis er í Patreksskóla aðstaða fyrir viðveru nemenda eftir að daglegri kennslu lýkur og gjarnan er nefnd lengd viðvera. Lengda viðveran er ætluð nemendum í 1. – 4. bekk og er starfræktur á starfstíma skóla. Greitt er fyrir dvöl barna í lengdri viðveru samkvæmt gjaldskrá sem Vesturbyggð setur.

Í grunnskólum er unnið að heilsuvernd nemenda og forvarnarstarfi á sviði heilsugæslu í samstarfi við Heilbrigðisstofnun Patreksfjarðar.

Daglegt atferli og framkoma

Barn sem hefur nám í grunnskóla mætir nýjum kröfum og aðstæðum. Þannig reynir meira á sjálfstæði barna og þörf fyrir að leysa sjálf ýmis dagleg viðfangsefni

án aðstoðar. Þar má nefna atriði eins og að klæðast í sig, fara á salerni, kunna



á klukku og borða án aðstoðar. Þá þarf að hjálpa nemendum við að hafa reglu á námsgögnum, bæði eigin ritföngum og kennslubókum sem skólinn lánar nemendum.

Sex ára nemendur koma í hóp barna og unglinga sem fyrir eru í grunnskóla. Flestir aðlagast nýju umhverfi fljótt og starfsfólk skóla hjálpar nýjum nemendum að þekkja skólann sinn og rata um hann. Til að gera skóladvölinna sem ánægjulegasta þurfa jákvæð samskipti að eiga sér stað milli allra sem þar starfa og nema. Í grunnskólanum eru í gildi skólareglur sem hjálpa nemendum við að gera skóladvölinna skemmtilega og eftirminnilega. Ræðið skólareglurnar við börnin ykkar til að þau skilji þær og fylgi þeim. Börn eiga misauðvelt með að sitja, hlusta, fylgjast með og eiga samskipti við aðra. Fyrir heimili og skóla er mikilvægt að hjálpa hverjum og einum að njóta sín í skólanum. Starfsfólk skóla er í auknum mæli að samræma viðbrögð sín og notast við ákveðnar aðferðir í samskiptum við börn sem eiga að stuðla að góðri hegðun og jákvæðri

Uppbyggingarstefnan

Uppbyggingarstefnan (Restitution) er hugmyndakerfi sem starfsfólk Grunnskóla Vesturbyggðar er að innleiða og ætlar að nota í samskipta- og agamálum. Stefnan er í daglegu tali nefnd Uppbygging. Lögð er áhersla á kennslu sjálfsgæta, sjálfstjórn og uppbyggileg samskipti. Uppbygging miðar að því að finna leiðir til lausna á ágreiningsmálum, skoða hvernig manneskjur við viljum vera, hver hlutverk okkar eru og hvaða þarfir liggja að baki hegðunar okkar. Ef vel tekst til skapast aðstæður fyrir einstaklinginn til að leiðrétta og bæta fyrir mistök sín, gera betur og snúa síðan aftur til hópsins með auknið sjálfstraust.

Uppbyggingarstefnan leggur áherslu á jákvæð samskipti fremur en reglur, á ábyrgð fremur en blinda hlýðni og á virðingu fremur en stjórnugjöf. Treyst er á hæfileikann til sjálfstjórnar og að hver og einn geti hugsað áður en hann framkvæmir og brugðist rétt við aðstæðum.

Uppbyggingarstefnan hvetur hvern og einn til að taka ábyrgð á eigin orðum og gerðum. Aðferðin nýtist við bekkjarstjórnun þar sem allir fá að vaxa og njóta sín. Þetta er aðferð í samskiptum og

Útgefandi: Grunnskóli Vesturbyggðar
*Bæklingurinn lestur er lykill

aðferð við að ná jafnvægi og innri styrk eftir að hafa beitt samferðamenn sína rangindum eða lent upp á kant við þá. Leitast er við að ná samstöðu um lífsgildi til að hafa að leiðarljósi og fylgja þeim síðan eftir með fáum skýrum reglum. Spurt er bæði hvernig við viljum vera og hvað við þurfum að gera til að ná eigin markmiðum í sátt og samlyndi við samferðamenn.

Nemendur læra:

Að setja sér markmið, gera uppbyggingaráætlanir, stunda sjálfsskoðun

Að rækta og efla sinn innri áhuga

Að bera ábyrgð á eigin námi

Að læra leiðir til að hafa stjórn á eigin hegðun

Aðferðir við lausn ágreiningsefna

Að sinna þörfum sínum af ábyrgð gagnvart sjálfum sér og öðrum

Að mynda tengsl við aðra

Að bera ábyrgð á eigin mistökum, leiðrétta þau og bæta fyrir þau

Að verða þeir sjálfir - þær manneskjur sem þeir vilja vera

Að gera bekkjarsáttmála



Grunnskóli Vesturbyggðar



Upphaf skólagöngu

Nokkrar hagnýtar upplýsingar fyrir foreldra



Grunnskóli Vesturbyggðar
Patreksskóli - sími 4502320
Bíldalsskóli - sími 450 2334
Birkimelsskóli - sími 4 2028

Við upphaf skólagöngu!

Ágæti viðtakandi.

Þessi bæklingur er fyrir foreldra barna sem hefja nám í 1. bekk í Grunnskóla Vesturbyggðar. Tilgangur bæklingins er að veita foreldrum upplýsingar um skólastarfið sem er framundan og koma á tengslum milli heimiis og skóla.

Grunnskóli Vesturbyggðar veitir foreldrum nánari upplýsingar um skólastarfið sem m.a. eru sendar heim í fréttabréfum og birt á heimasíðu skólans og gefnar út í skólanámskrá. Minnt er á mikilvægi þess að fylgjast vel með og lesa upplýsingar sem berast frá skólanum.

Við Grunnskóla Vesturbyggðar starfa bæði foreldrafélög og foreldraráð. Foreldrar eru hvattir til að vera virkir í foreldrastarfi meðan börnin þeirra eru við nám í grunnskólanum. Ábyrgðin á uppeldi barna hvílir fyrst og fremst á foreldrum en skólastarfi í grunnskólum skal vera til að efla menntun barna, þroska þau og búa þau undir líf og starf í lýðræðisþjóðfélagi. Skólar hafa sjálfstætt menntunarhlutverk í samræmi við lög og reglugerðir og því er mikilvægt að gagnkvæmur stuðningur og viður-

kenning sé á milli heimila og skóla um nám barna.

Upphaf náms í grunnskóla

Það er stórt skref fyrir barn að hefja nám í grunnskóla jafnvel þó að í dag hafi flest börn verið í leikskóla um lengri eða skemmri tíma. Innan Vesturbyggðar hefur verið markvisst verið unnið að því að efla samstarf leik- og grunnskóla. Þannig hafa skólar á báðum skólastigum í sama byggðakjarna tekið upp samtarf í því augnamiði að tryggja að nám sex ára barna hefjist á jákvæðan hátt. Börn hafa fengið reynslu af þátttöku og samstarfi í skipulögðu starfi sem er í stöðugri þróun. Börn eru því vön að starfa í félagsskap við önnur börn og kennara og eru því nokkur sjálfstæð og sjálfbjarga. Slíkt undirbýr barn til að hefja nám í grunnskóla þar sem ný viðfangsefni og breytt umhverfi tekur við. Mikilvægt er að foreldrar leggja áherslu á við börn sín að nám í grunnskóla sé eftirsóknarvert, spennandi og skemmtilegt. Það eykur líkur á því að námið gangi vel og börn upplifi vellíðan í grunnskóla. Það er afar mikilvægt að skólagangan byrji vel.

Í skólastarfi er reynt að mæta þörfum einstaklinga en börn hafa tekið út mis-



reglugerðir sem snúa að skólastarfi auk skýrslna um skólastarf af ýmsu tagi.

Lestur er lykill

Lestur örvar ímyndunarafl og sköpunarkraft, eflir málþroska og orðaforða og eykur víðsýni og skilning. Með því að lesa reglulega fyrir barnið þitt kveikir þú áhuga þess á lestri. Þannig verður gamanið til gagns því að lestraráhugi tengist betri lesskilningi sem er undirstaða flestra námsgreina. Lestu því fyrir litla barnið en ekki hætta þegar það stækkar. Lestu upphátt og vertu lestrarfyrirmynd, hlustaðu á

Af hverju?

Það er skemmtilegt og fræðandi
Það eykur orðaforða og skilning
Það býr barnið undir lestraránám
Það styrkir tengsl þín við barnið
Barnið lærir að einbeita sér
Allir geta notið bóka með börnunum sínum *

barnið lesa og ræðið saman um bækur. Það skilar sér margfalt.

Móðurmálið

Við upphaf grunnskóla hefur barn nám samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla en á fyrst skólaárnum er mikil áhersla lögð á frumþætti móðurmálsins, þ.e. hlustun, talað mál, lestur og ritun. Lestrarnám er umfangsmikið og lögð er áhersla á að byggja upp heildstætt lestraránám byggt á markvissri málörvun í samræmi við þroska nemenda.

Á allra síðustu árum hefur lestraránám fengið talsverða athygli og mikil áhersla er lögð á að nemendur nái fljótt góðu valdi á lestri og hafi góðan lesskilning. Markvisst er farið að leggja fyrir sérstakar athuganir á fyrstu árum grunnskólans til að finna nemendur sem geti átt við lestrarvanda að stríða, nefndar skimanir. Þær geta gefið vísbendingar um lestrarstöðu og eru markvisstnýttar til frekari lestrarættis. Þó er aldrei hægt að tryggja að skimanir gefi alltaf rétta mynd af lestrarstöðu barna og þróun hennar þar sem börn þroskast mishratt og á sinn persónulega hátt.

Foreldrar eru mikilvægir leiðbeinendur fyrir börn sín þegar að lestraránámi kemur. Þeir hafa mikil áhrif á þróun lestraránáms og vinna að því að eflamóðurmálið hjá börnunum með því að:

Foreldrum stendur til boða margs konar aðstoð við lestraránám barna sinna.

Hvað?

Bækur um það sem barnið þekkir og hefur áhuga á
Sígildar bækur og nýjar
Fallegar myndabækur
Sögur, ævintýri og ljóð
Bækur sem koma hugarfluginu af stað*



Ræða við barnið um daginn og veginn, spyrja spurninga og sýna því athygli.

Hlusta á barnið og virða tilfinningar þess því það eykur samskiptin.

Lesið fyrir barnið og látið það fylgjast með í lestrarbókum.

Vera mikilvægur styðjandi aðili fyrir barnið og leika við það.

Kenna barninu vísur og kvæði.

Stuðningur og sérkennsla

Grunnskóli er fyrir alla nemendur, þ.e. leitast er við að mæta þörfum ólíkra nemenda og veita þeim námstilboð sem eru við hæfi. Nemendur hafa misjafnar þarfir og í sumum tilfellum þurfa nemendur sérstakan stuðning, tímabundið eða alla grunnskólagönguna, sem reynt er að mæta. Þannig hafa skólar aðgang að sérkennurum, sálfræðingum, námsráðgjöfum og öðrum sérfræðingum eftir atvikum. Skólar meta sjálfstætt þarfir einstakra barna fyrir stuðning

Hvernig?

Lestu á hverjum degi
Í ró og næði—eða til að skapa kyrrð og ró
Talið um það sem búið er að lesa

Gefðu þér tíma til að skoða myndirnar

Lestu bækurnar aftur og aftur, endurtekning styrkir skilning*